

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK

## LANDBÚNAÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

Fimmtudaginn 24. júní 2010 kl. 13:00 kom landbúnaðarráð Húnaþings vestra saman til 96. fundar í Ráðhúsi Húnaþings vestra. Mæting samkvæmt undirskriftum.

### Dagskrá:

1. Erindisbréf Landbúnaðarráðs.
2. Kosning ritara.
3. Viðhald styrkvega.
4. Bréf Umhverfisstofnunar.
5. Ákvörðun um fastan fundartíma landbúnaðarráðs.

### Afgreiðslur:

1. Sveitarstjóri setti fundinn, bauð nefndarmenn velkomna til starfa og afhenti erindisbréf landbúnaðarráðs. Tók þá nýkjörinn formaður, Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir við stjórn fundarins.

2. Fram kom tillaga um að Þorsteinn B. Helgason verði kjörinn ritari landbúnaðarráðs. Tillagan samþykkt samhljóða.

3. Sveitarstjóri greindi frá því að Vegagerðin hafi lagt til að úthlutun til Húnaþings vestra af styrkvegafé á árinu 2010 verði kr. 4,5 milljónir. Tillagan hefur ekki fengið staðfestingu samgönguráðherra og því er neðangreind tillaga um skiptingu fjárins gerð með fyrirvara um þá staðfestingu. Eftirfarandi tillaga um skiptingu styrkvegafjárins var samþykkt samhljóða:

a) Til afréttarvega á Víðidalstunguheiði	kr. 2.200.000
b) Til afréttarvega í Miðfirði	kr. 1.600.000
c) Til afréttarvega í Hrútafirði	kr. 450.000
d) Til vegar yfir Brandagilsháls	kr. 250.000

Viðkomandi fjallskilastjórnir sjá um framkvæmdir á afréttarvegum hver á sínum stað. Minna skal á að við framkvæmdir verði ekki farið fram úr fjárveitingum. Landbúnaðarráð felur sveitarstjóra að ræða við fulltrúa Vegagerðarinnar um heflun vega uppá Vatnsnesfjall neðan Fjalagils og fram Austurárdal í Miðfirði. Samþykkt að Þorsteinn B. Helgason ráði aðila til að annast framkvæmdir á Brandagilshálsi.

4. Fram lagt til kynningar bréf Umhverfisstofnunar þar sem gerð er grein fyrir viðmiðunartöxtum ríkisins vegna refa- og minkaveiða frá 1. september 2009-31. ágúst 2010.

5. Landbúnaðarráð samþykkir að fastur fundartími ráðsins verði fyrsti miðvikudagur í mánuði kl. 13:00.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 14:15

Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir(sign.),  
Lára Helga Jónsdóttir(sign.),  
Sigtryggur Sigurvaldason(sign.),

Skúli Þórðarson(sign.),  
Þórarinn Óli Rafnsson(sign.),  
Guðný Helga Björnsdóttir(sign.).